



# ÁRSSKÝRSLA

## Rannsóknamiðstöðvar ferðamála 2023



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ  
FERÐAMÁLA

ICELANDIC TOURISM  
RESEARCH CENTRE



© Rannsóknamiðstöð ferðamála 2024

Útgefandi: Rannsóknamiðstöð ferðamála, Borgum v/ Norðurslóð, IS-600 Akureyri  
Rafpóstur: [rmf@rmf.is](mailto:rmf@rmf.is)  
Veffang: [www.rmf.is](http://www.rmf.is)

Titill: Ársskýrsla Rannsóknamiðstöðvar ferðamála 2023  
Ritstjóri: Vera Vilhjálmsdóttir  
Prentun: Akureyri: Ásprent Prentmet Oddi ehf.

ISSN 2772-1043 (prentuð útg.)  
ISSN 2772-1051 (rafræn útg.)

Forsíðumynd: Gengið í Hvannárgili, Þórsmörk © Íris Hrund Halldórsdóttir  
Aðrar myndir nema annað sé tekið fram: © Starfsfólk RMF

Öll réttindi áskilin. Skýrslu þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

# Efnisyfirlit

|                                  | Bls. |
|----------------------------------|------|
| Ávarp stjórnarformanns           | 2    |
| RMF 2023                         | 4    |
| Um RMF                           | 5    |
| Aðalfundur stjórnar              | 6    |
| Rannsóknarverkefni               | 8    |
| RMF á ferð og flugi              | 13   |
| Viðburðir                        | 14   |
| Lokaverkefnisverðlaun SAF og RMF | 16   |
| Rannsóknasamstarf                | 18   |
| Hitt og þetta frá 2023           | 19   |
| Útgefið efni                     | 20   |
| Fyrirlestrar og erindi           | 21   |
| Rekstrarreikningur ársins 2023   | 22   |

# Ávarp stjórnarformanns



Þórhallur Örn Guðlaugsson

Ísland er einn af þeim áfangastöðum sem ferðafólk hefur úr að velja hverju sinni. Samkeppnin er hörð en ferðapjónusta á Íslandi hefur vaxið hratt síðustu ár og hefur sá vöxtur verið langt umfram það sem gerist á alþjóðavísu. Svo dæmi sé tekið þá var vöxtur milli ára 2015 og 2016 um 39% og árið 2017 fór fjöldi gesta í fyrsta sinn yfir 2 millj. Til samanburðar þá var fjöldi gesta árið 1998 innan við 10% af þeim fjölda sem svo varð 20 árum síðar og árið 1983 var fjöldi gesta vel innan við 100 þús.

Þessi mikli vöxtur hefur haft margt jákvætt í för með sér s.s. aukin umsvif ferðapjónustuaðila, gistirýmum hefur fjölgað, mörg ný ferðapjónustufyrirtæki hafa orðið til sem og mikið af nýjum störfum. Svona vexti fylgja þó einnig margvíslegir vaxtarverkir sem geta haft neikvæð áhrif. Þannig hafa innviðir margskonar, s.s. vegir, aðbúnaður á áfangastað og þjónusta margskonar, illa fylgt þessari miklu fjölgun gesta til landsins.

Covid-19 setti strik í reikninginn hér rétt eins og annars staðar. Af augljósum ástæðum varð umtalsverður samdráttur í fjölda erlendra gesta en stærstu markaðirnir, Frakkland og Spánn, töpuðu umtalsverðum hluta af sínum heimsóknnum. Þannig fækkaði gestum í Frakklandi um 49 millj. árið 2020 miðað við árið á undan og á Spáni fækkaði gestum um 64 millj. á sama tímabili. Á Íslandi fækkaði gestum á þessum tíma um 1,5 millj. og þó svo að tölurnar séu umtalsvert lægri en t.d. á Spáni þá er hlutfallsleg fækkun gesta svipuð. Covid-19 hafði því mikil áhrif hér á landi og þó svo nokkur fjölgun hafi orðið síðustu ár þá eru enn blíkur á lofti.

Innviðir starfsgreinar eru mikilvægir og snúast um margt annað en aðeins hlutbundna þætti og má þar nefna nauðsynlegar upplýsingar og gögn sem aðstandendur greinar geta nýtt í þeim tilgangi að geta tekið betri ákvarðanir. Að sama skapi er rannsóknnum sem ætlað er að auka skilning okkar á ýmsum mikilvægum þáttum ferðapjónustu afar þröngur stakkur búinn. Rannsóknamiðstöð ferðamála (RMF) hefur starfað í 25 ár og allan þann tíma hefur fjármagn til rannsókna að stærstum hluta verið sjálfsaflafé. Út af fyrir sig er ekkert athugavert við fyrirbærið sjálfsaflafé, mjög mikið af fjármagni til grunnrannsókna er þannig til komið, og við eigum að halda áfram að sækja á þær slóðir.

Það þarf þó miklu meira til og í anda þess sem stundum er sagt að "verst er að vita ekki að maður veit ekki" þá ættu stjórnvöld og félög innan greinarinnar að sjá sér hag í því að efla grunnrannsóknir í þeim tilgangi að auka skilning og þekkingu á ótal flötum ferðapjónustunnar sem gæti orðið til þess að stjórnendur innan hennar séu betur í stakk búnir að taka góðar ákvarðanir, greininni, sem og samfélaginu öllu, til heilla.

Fyrir hönd stjórnar þakka ég öllu starfsfólki RMF fyrir mjög góð störf á árinu og þakka lærdómsríkt og ánægjulegt samstarf. Án ykkar væri þessi starfsemi einfaldlega ekki til.

Dr. Þórhallur Örn Guðlaugsson  
stjórnarformaður Rannsóknamiðstöðvar ferðamála





Áin Tinna í Breiðdal, horft í átt að Kvennsöðlum

# RMF 2023



Guðrún Þóra Gunnarsdóttir

Starfsemi RMF árið 2023 var í nokkuð hefðbundnum skorðum og sem fyrr var töluverð óvissa í upphafi árs með verkefnastöðuna út árið.

Þegar lítið er yfir verkefnalista ársins er þó ljóst að starfsfólk RMF kom víða við. Óneitanlega voru þó ýmis verkefni tengd skemmtiskipa ferðamennsku nokkuð fyrirferðamikil enda er þetta grein í miklum vexti hér á landi sem og annars staðar á hinum norðlægum slóðum. Mikilvægt er því að auka þekkingu og skilning á þessari starfsemi þannig að ákvarðanataka og skipulag í kringum greinina sé byggð á góðri vitneskju um umfang hennar, eðli og áhrif. Umfang og viðfangsefni verkefna RMF á sviði skemmtiskipaferðamennsku voru ólík og þau fjármögnuð með mismunandi hætti. Þannig var t.d. skoðuð ferðahegðun og neysla skemmtiskipaferðamanna, hvað íbúum móttökustaða finnst um skemmtiskipakomur, hvernig hægt sé að byggja upp skemmtiskipaferðaþjónustu með sem sjálfbærustum hætti og hvaða tækifæri felast í þessari grein ferðaþjónustunnar fyrir fámenn jaðarsvæði. Eitt verkefni var fjármagnað úr erlendum rannsóknarsjóði, tvö úr innlendum rannsóknarsjóðum, eitt af rannsóknaráætlun hins opinbera og eitt var kostað af hagaðila í greininni.

Annar verkefnaþráður sem var nokkuð áberandi á árinu 2023 voru verkefni sem snerust með einum eða öðrum hætti um samspil virkjana, ferðaþjónustu og ferðamennsku. Þau verkefni voru öll tilkomin vegna verkbeiðna frá annað hvort virkjanaaðilum eða verkfræðistofum í tengslum við umhverfismat fyrirhugaðra virkjana.

Þjónustuverkefni sem þessi eru vissulega liður í þekkingarsköpun um ákveðna þætti ferðamennsku en svigrúm til frekari úrvinnslu og þróunar hugmynda er takmarkað. Þessi verkefni eru hins vegar mikilvægur liður í því að starfsemi RMF haldi dampi þegar innlendir eða erlendir rannsóknarstyrkir eru af skornum skammti.

Ferðaþjónusta á Íslandi var á fleygiferð árið 2023 og allar lykiltölur komnar í svipað horf og var fyrir Covid faraldurinn. Segja má að greinin hafi komið mun hraðar undir sig fótunum hér á landi en víða annars staðar. Áhrifaþættir þess eru án efa mýrmargir en flestar vangaveltur þar að lútandi eru því miður lítið meira en það, því rannsóknsumhverfi greinarinnar hefur engan veginn náð sömu reisn og ferðaþjónustan. Þetta kom skýrt í ljós í vinnu við aðgerðaráætlun ferðamálastefnu sem Menningar- og viðskiptaráðherra setti af stað í maí. Í nóvember voru svo birt í samráðsgátt stjórnvalda drög að tillögum sjö vinnuhópa. Einn hópur beindi sjónum sínum sérstaklega að rannsóknum í ferðaþjónustu og skilaði tillögum þar að lútandi. Átti forstöðumaður RMF sæti í þeim hópi. En þegar tillögur annarra hópa voru skoðaðar kom í ljós skýrt ákall eftir auknum rannsóknum og betra aðgengi að áreiðanlegum gögnum. Gömul saga og ný.

Starfsmannahald RMF var í nokkuð föstum skorðum árið 2023. Þórný Barðadóttir sem undanfarin ár hefur einungis verið í 20% starfshlutfalli vegna doktorsnáms, kom í 50% stöðu 1. september og Ása Marta Sveinsóttir fór í fæðingarorlof í október. Þá var dr. Johannes Welling ráðinn í hlutastarf janúar til júní til þess að stýra umsóknum í rannsóknarsjóði og þá fyrst og fremst í Rannsóknarsjóð Rannís. Mikill tími getur farið í að vinna vandaðar umsóknir í stærri rannsóknarsjóði og því brýnt að RMF hafi yfir að ráða mannafla sem getur sinnt slíkum umsóknum. Um sumarið fjölgaði í starfslíðinu þegar Sigríður Kristín Jónasdóttir var ráðin til þess að sinna gagnaöflun í tveimur verkefnum, spyrjar voru ráðnir að könnun við Faxaflóahöfn og starfsnemi frá Prins Edward háskóla sinnti vinnu við Erasmus + verkefni.

Að lokum er rétt að minna á það að RMF gerir meira en að sinna beint rannsóknum. Þannig hefur RMF staðið reglulega fyrir doktorsnemadegi þar sem PhD nemandi við íslenska háskóla sem hafa ferðamál að viðfangsefni kynna rannsóknir sínar. Árlega eru veitt verðlaun fyrir framúrskarandi lokaverkefni á sviði ferðamála, bæði á grunn- og meistarastigi og eru þau samvinnuverkefni RMF og Samtaka ferðaþjónustunnar. Sérfræðingar RMF taka virkan þátt í ráðstefnum og málþingum hvers konar enda er miðlun rannsóknarniðurstaðna mikilvægur liður í starfi RMF. Sömuleiðis taka sérfræðingar RMF þátt í starfi rannsóknarhópa, koma að kennslu og skrifa fræðigreinar. Þá er ónefnt fræðitímaritið *Ferðamál á norðurslóðum* sem tók á móti sínum fyrstu greinum í ritrýningu síðla árs 2023. Utanumhald um fræðitímarit er mikið lærdómsferli og mikil vinna sem þar á sér stað bak við tjöldin svo vel sé að því staðið að byggja upp þennan nýja vettvang þekkingarsköpunar um ferðamál á norðurslóðum.

Guðrún Þóra Gunnarsdóttir  
Forstöðumaður RMF



# Um RMF

RMF – Rannsóknamiðstöð ferðamála – er miðstöð rannsókna, fræðslu og samstarfs í greinum sem tengjast ferðamálum. RMF er starfrækt af Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri og Háskólanum á Hólum í samstarfi við Samtök ferðaþjónustunnar og Ferðamálastofu.

Stefna RMF er að efla rannsóknir og skilning á áhrifum ferðamennsku á hagkerfi, samfélag og umhverfi. Öflugar rannsóknir eru forsenda markvissrar stefnumótunar, áætlunargerðar og markaðssetningar í greininni. Markmið RMF er að skapa þekkingargrunn sem byggir undir og styður við ábyrga ferðaþjónustu og ferðamennsku.

Aðalskrifstofa RMF er við Háskólann á Akureyri en frá árinu 2012 hefur RMF einnig haft skrifstofu við Háskóla Íslands. Aðalskrifstofan er til húsa á 7. hæð í Borgum, rannsóknahúsi Háskólans á Akureyri. Í febrúar 2022 flutti skrifstofa RMF í Reykjavík úr Nýja Garði yfir á 2. hæð í Tæknigarði, húsi Háskóla Íslands.

## Markmið RMF eru að:

- efla og bæta rannsóknir í ferðamálum á Íslandi
- stuðla að samvinnu háskólanna sem að miðstöðinni standa á sviði ferðamála
  - efla samstarf og samtal við atvinnugreinina og aðra hagsmunaaðila
- stuðla að samstarfi innlendra og erlendra rannsækenda á sviði ferðamála
  - gefa út skýrslur og miðla niðurstöðum rannsókna í ferðamálafræðum
  - gangast fyrir ráðstefnum og fyrirlestrum í ferðamálafræðum

## Starfsfólk RMF

- Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, forstöðumaður 100%
- Ása Marta Sveinsdóttir, sérfræðingur 100% janúar-október, fæðingarorlof nóvember-desember
- Eyrún Jenný Bjarnadóttir, sérfræðingur 100%
- Íris Hrund Halldórsdóttir, sérfræðingur 35%
- Johannes Welling, sérfræðingur 100% janúar-júní
- Vera Vilhjálmisdóttir, sérfræðingur 100%
- Þórný Barðadóttir, sérfræðingur 20% janúar-ágúst, 50% september-desember
- Sigríður Kristín Jónasdóttir, sumarstarfsmaður
- Rabab Hussein, starfsnemi



Glanni

## Stjórn RMF

Í árslok 2023 sátu í stjórn Rannsóknamiðstöðvar ferðamála:

- Þórhallur Örn Guðlaugsson, frá Háskóla Íslands, formaður stjórnar
- Rannveig Ólafsdóttir, frá Háskóla Íslands
- Bragi Guðmundsson, frá Háskólanum á Akureyri (í leyfi frá sept. 2023, varamaður Hólmur Erlu Svansson)
- Hafdís Björg Hjálmarsdóttir, frá Háskólanum á Akureyri
- Ingibjörg Sigurðardóttir, frá Háskólanum á Hólum
- Diljá Matthíasardóttir, frá Samtökum ferðaþjónustunnar
- Oddný Þóra Óladóttir, frá Ferðamálastofu

Stjórnarfundir voru 5 á árinu.

## Aðalfundur stjórnar

Aðalfundur RMF var haldinn miðvikudaginn 31. maí 2023 í Hrísey. Dagurinn hófst yfir morgunverði með Eyjólf Guðmundssyni rektor Háskólans á Akureyri þar sem hlutverk háskólanna og efling rannsókna í ferðamálum var til umræðu. Einnig hitti hópurinn Pétur Ólafsson, hafnarstjóra Hafnarsamlags Norðurlands og formann Cruise Iceland og ræddi um stöðu og áskoranir við komur skemmtiferðaskipa á Akureyri.

Að því loknu sigldi hópurinn frá Árskógssandi til Hríseyjar. Þar tók Linda María Ásgeirsdóttir á móti hópnum með hádegisverði í Verbúðinni 66 og kynnti Ferðamálafélag Hríseyjar og stöðu ferðaþjónustunnar á eyjunni. Að því loknu var komið að sjálfum aðalfundinum sem var með hefðbundnu sniði.

Á aðalfundinum urðu breytingar í stjórn hvað varðar fulltrúa HÍ. Þórhallur Örn Guðlaugsson, prófessor í viðskiptadeild Háskóla Íslands kom nýr inn en hann tók við af Ástu Dís Óladóttur sem formaður stjórnar RMF. Þórhallur er skipaður í stjórn RMF af rektor Háskóla Íslands.

Ásamt stjórn sátu fundinn Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, forstöðukona RMF, Ása Marta Sveinsdóttir, Eyrún Jenný Bjarnadóttir og Vera Vilhjálmisdóttir, sérfræðingar RMF.

Að loknum aðalfundi kynntu nemendur úr Hríseyjarskóla afrakstur vinnu sinnar í Erasmus+ verkefni um eyjaskóla. Markmið verkefnisins var að tengja saman litla eyjaskóla um alla Evrópu og finna í sameiningu leiðir til nýsköpunar, leita lausna á vandamálum eyjasamfélaga og skapa um leið spennandi námstækifæri. Sjálfbær ferðaþjónusta í eyjasamfélögum hefur verið eitt af viðfangsefnum verkefnisins og var hápunktur þeirrar vinnu heimsókn í grunnskólann De Jutter á hollensku eyjunni Vlieland í byrjun maí. Að lokinni kynningu buðu nemendurnir gestum í stutt rölt með leiðsögn um þorpið í veðurblíðunni.

Áður en leiðir skildu snæddi hópurinn góðan kvöldverð á Skógi Bistro í Skógarböðunum í Eyjafjarðarsveit og naut leiðsagnar Sigríðar Maríu Hammer, eins eigendanna, um böðin.



Stjórn og starfsmenn RMF á leið til Hríseyjar f.h.t.v. Oddný Þóra Óladóttir, Ingibjörg Sigurðardóttir, Vera Vilhjálmisdóttir, Diljá Matthíasardóttir, Ásta Dís Óladóttir, Eyrún Jenný Bjarnadóttir, Ása Marta Sveinsdóttir, Bragi Guðmundsson, Hafdís Björg Hjálmarsdóttir, Guðrún Þóra Gunnarsdóttir og Anna Karlsdóttir.



# Svipmyndir frá aðalfundi stjórnar RMF



Frá efst til hægr: 1) Skoðunarferð um Skógarböðin, 2) Nemendur úr Grunnskólanum í Hrísey segja frá Erasmus verkefni sem þau tóku þátt í, 3) Leiðarvísir í Hrísey, 4) Eyjólfur Guðmundsson, rektor HA, spjallaði við stjórn og starfsmenn RMF, 5) Ásta Dís, stjórnarformaður RMF og Guðrún Þóra, forstöðumaður RMF, skoða aðstæður í Hrísey.

# Rannsóknaverkefni



Gengið niður að höfn í Hrísey

## Ábyrg eyjaferðapjónusta

Rannsóknamiðstöð ferðamála hlaut styrk úr Vísindasjóð Háskólans á Akureyri í ársbyrjun 2023 til þess að vinna að rannsóknaverkefni á ábyrgri eyjaferðapjónustu í Hrísey og Grímsey. Rannsóknin var unnin í samstarfi við ferðamáladeild Háskólans á Hólum.

Markmið þessarar rannsóknar var að kanna eðli og áhrif ferðapjónustu/-mennsku í Hrísey og Grímsey með þeim tilgangi að leggja grunn að gerð sjálfbærrar áfangastaðaáætlunar fyrir eyjarnar tvær. Áhersla var lögð á að rýna í þróun ábyrgrar ferðamennsku og ferðapjónustu í tengslum við sjálfbæra uppbyggingu eyjanna sem áfangastaðar ferðamanna. Rannsóknin byggir á rýnihópaviðtölum, spurningakönnunum meðal heimamanna og ferðamanna, ásamt GPS-rakningu ferðamanna. Verkefninu líkur vorið 2024 með útgáfu á skýrslu með öllum helstu niðurstöðum.

Ása Marta Sveinsdóttir fer með umsjón verkefnis, ásamt Guðrúnu Þóru Gunnarsdóttur.

## Áhrif Bolaölduvirkjunar á ferðapjónustu og útivist

Rannsókn sem unnin var af RMF um áhrif Bolaölduvirkjunar á ferðapjónustu og útivist á svæðinu. Umsókn um virkunarframkvæmdir á svæðinu við Bolaöldu kom frá fyrirtækinu Reykjavík Geothermal og var til umfjöllunar í áfanga 5 í rammaáætlun Umhverfis- orku og loftslagsráðuneytisins sem var verkkaupi þessa verkefnis.

Rannsóknin byggði á viðtölum við ferðamenn, útivistarfólk og ferðapjónustuaðila sem nýta sér eða starfa innan eða í nálægð við rannsóknasvæði fyrirhugaðra virkjanaframkvæmda, ásamt greiningu á fyrirliggjandi gögnum. Verkefnið hófst í júní og því lauk í nóvember 2023 með skýrslu með helstu niðurstöðum rannsóknarinnar sem skilað var inn til faghóps 2.

Rannsókninni var stýrt af RMF en Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri (RHA) kom inn í þann hluta verkefnisins sem snýr að útivist á svæðinu. Verkefnastjórar f.h. RMF voru Vera Vilhjálmisdóttir og Guðrún Þóra Gunnarsdóttir en auk þeirra komu Eyrún Jenný Bjarnadóttir og Hjalti Jóhannesson, sérfræðingur RHA, að verkefninu.



Gagnaöflun við Hellisheiðarvirkjun



Gengið á Syðri Eldborg milli Meitlanna. Mynd Ása Ögmundsdóttir


## Áhrif framkvæmda við Hverahlíð II og Meitla á ferðapjónustu og útivist

Rannsókn unnin fyrir Orkuveitu Reykjavíkur á ferðapjónustu- og útivistarnotkun í Hverahlíð II og Meitlum í tengslum við umhverfismat á framkvæmd nýrra rannsókna- og vinnsluhola á svæðinu.

Rannsóknin fólst í að kortleggja hvernig svæðið er nýtt af ferðapjónustu- og útivistaraðilum og meta möguleg áhrif framkvæmda á notkunina. Gagnaöflun rannsóknarinnar byggðist bæði á greiningu á fyrirliggjandi gögnum ásamt öflun frumgagna sem felst í því að taka viðtöl við hagaðila innan ferðapjónustu og útivistar. Viðmælendur voru m.a. ferðapjónustuaðilar sem eiga hagsmuna að gæta á áhrifasvæðinu, fulltrúar úr stoðkerfi ferðapjónustunnar, ásamt einstaklingum og forsvarsmönnum hópa eða félaga sem nýta svæðið til útivistar.

Verkefnið hófst í desember 2023 og líkur vorið 2024. Verkefnastjórar f.h. RMF voru Vera Vilhjálmisdóttir og Guðrún Þóra Gunnarsdóttir en auk þeirra kom Hjalti Jóhannesson, sérfræðingur RHA, að útivistarhluta verkefnisins.





Lokaskýrsla Airbnb verkefnisins kom út haustið 2023

## Áhrif Airbnb gestgjafa í samfélögum á norðurslóðum: Neyslumynstur, frumkvöðlastarfsemi og sjálfbærni

Um er að ræða norrænt samstarfsverkefni sem styrkt var af samstarfsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar um málefni norðurslóða (e. Nordic Arctic Co-operation Program). Auk RMF komu Háskólinn í suð-austur Noregi (Universitetet i Sørøst Norgi), sem leiddi verkefnið, og Háskólinn í suður Danmörku (Syddansk Universitet) að verkefninu. Verkefnið hlaut styrk til tveggja ára og því lauk haustið 2023. Meginmarkmið þess var að rannsaka umfang og eðli starfsemi Airbnb á þremur norrænum dreifbýlissvæðum; Norðurlandi (Ísland), Norður-Jótlendi (Danmörk) og Nordland (Noregur).

Rannsóknin byggði á upplýsingum um skráðar eignir og gestgjafa sem skrapað (e. data scraping) var af heimasíðu Airbnb, símakönnun meðal gestgjafa Airbnb á rannsóknarsvæðunum þremur og þremur rýnihöfundum ásamt einstaklingsviðtölum við hagaðila úr ferðapjónustu hvers svæðis fyrir sig. Samantektarskýrsla með helstu niðurstöðum verkefnisins kom út í september 2023 ([hlekkur](#)). Þar að auki kemur fræðigrein með niðurstöðum gagnaskröpunarinnar út í ársbyrjun 2024 og skýrsla með áherslu á niðurstöðum frá íslenska hluta verkefnisins vorið 2024.

Guðrún Þóra Gunnarsdóttir var verkefnisstjóri íslenska hluta verkefnisins en Vera Vilhjálmsdóttir sá um gagnasöfnun og skýrsluskrif.

## Er ferðapjónusta málið? Greining á hlutverki Vegagerðarinnar í sjálfbærri uppbyggingu áfangastaða og ferðamannaleiða á Íslandi

Rannsóknamiðstöð ferðamála hlaut styrk úr Rannsóknasjóði Vegagerðarinnar í ársbyrjun 2023 til að vinna rannsókn á hlutverki Vegagerðarinnar í uppbyggingu og þróun áfangastaða og ferðamannaleiða á Íslandi. Markmið rannsóknarinnar var að draga fram það ferli sem hefur átt sér stað við þróun þriggja ferðamannaleiða Íslandi, en þær eru Eldfjallaleiðin, Vestfjarðaleiðin og Norðurstrandaleið. Kannað var hvaða aðilar hafi komið að ákvörðunartöku, hvernig samtali milli hagaðila hefur verið háttað og hver upplifun þeirra var af því samtali. Áhersla var á hlutverk Vegagerðarinnar í vörupróunarferli í samhengi ferðapjónustunnar og hverjar helstu áskoranir og ávinningur ólíkra hagaðila eru við uppbyggingu og viðhald ferðamannaleiða og áfangastaða hér á landi. Rannsóknin byggði á viðtölum við einstaklinga sem starfa hjá Vegagerðinni, hjá markaðsstofum landshlutanna og sveitarfélögum/samtökum sveitarfélaga og hafa innsýn í samband Vegagerðarinnar og ferðapjónustu.

Rannsókninni lýkur í ársbyrjun 2024 með útgáfu á lokaskýrslu um niðurstöður rannsóknarinnar.

Verkefnisstjóri var Guðrún Þóra Gunnarsdóttir en Eyrún Jenný Bjarnadóttir og Ása Marta Sveinsdóttir sérfræðingar RMF sáu um undirbúning rannsóknar, gagnaöflun, úrvinnslu gagna og skýrsluskrif.



Klofningsvegur á Fellsströnd



Þeistareykjavirkjun. Mynd Sigríður Kristín Jónasdóttir

## Rannsókn á ferðamennsku á Þeistareykjum

Rannsókn unnn sumarið 2023 að beiðni Landsvirkjunar. Markmiðið með verkefninu var tvíþætt: annars vegar að afla gagna um viðhorf tiltekinna notendahópa til Þeistareykjasvæðisins nú þegar helstu virkjunar- og vegaframkvæmdum á svæðinu er lokið og hins vegar mæla umferð um svæðið. Rannsóknarverkefnið var unnið í anda fyrri rannsókna RMF á svæðinu árin 2008, 2012 og 2017. Gagnaöflun var þríþætt; spurningakönnun var lögð fyrir ferðamenn sem áttu leið um svæðið, viðtöl við hagaðila innan ferðapjónustunnar og talning á bifreiðum.

Verkefninu lauk í desember 2023 með útgáfu á skýrslu með öllum helstu niðurstöðum rannsóknarinnar ([hlekkur](#)).

Verkefnisstjórn var í höndum Guðrúnar Þóru Gunnarsdóttur, Sigríður Kristín Jónasdóttir sá um framlagningu spurningakönnunarinnar og tók einnig þátt í viðtalsrannsókn ásamt Írisi Hrunð Halldórsdóttur, sérfræðingi RMF. Íris sá auk þess um úrvinnslu gagna og skýrsluskrif og Rögnvaldur Ólafsson sá um umferðartalningu og skýrsluskrif henni tengdri.



Skemmtiferðaskip við höfn á Ísafirði

## Sjálfbær móttökusvæði skemmtiskipa á norðurslóðum: Frá starfsháttum til stýringar

Verkefni sem styrkt var af norska rannsóknaráðinu (Norges forskningsråd). Starfstími verkefnisins var frá september 2020 til júlí 2024. Markmið rannsóknarinnar var að kanna svæðisbundna stjórnun og stýringu skemmtiferðaskipa og leita bestu leiða með sjálfbærni að leiðarljósi. Verkefnið var leitt af Nord háskólanum í Bodø og rannsóknarsvæðið voru Noregur, Ísland og Grænland.

Skilgreind voru fimm svæði til tilviksrannsókna (case study): Nuuk (Grænland), Lofoten, Alta og Honningsvåg (Noregur) og Ísafjörður (Ísland). Á öllum stöðum var, auk greiningar á fyrirliggjandi gögnum, gögnum safnað með viðtölum, rýnihópum og vettvangsrannsóknum. Mikilvægur liður í verkefninu er miðlun rannsóknarniðurstaða á öllum rannsóknarsvæðunum fimm. Kynning á niðurstöðum rannsóknarinnar á Ísafirði fór fram í gegnum Zoom í byrjun október. Lokamarkmið rannsóknarinnar er að skapa gagnagrunn um hvað gengur best og hvað reynist erfiðast við stýringu skemmtiferðaskipa og þjónustu við skip og farþega í oft fámennum samfélögum norðurslóða.

Vorið 2023 kom út skýrsla á íslensku ásamt verkefna skýrslu á ensku um niðurstöður gagnaöflunar á Ísafirði ([hlekkur](#)). Lokaskýrsla verkefnisins er væntanleg vorið 2024 þar sem niðurstöður allra rannsóknasvæða verða borin saman.

Með verkefnisstjórn íslensks hluta verkefnisins fara Ása Marta Sveinsdóttir og Guðrún Þóra Gunnarsdóttir.

## Skemmtiskipa ferðamennska í Grímsey: Tækifæri til uppbyggingar?

Rannsóknamiðstöð ferðamála hlaut styrk úr Vísindasjóði Háskólans á Akureyri í ársbyrjun 2022 til rannsókna á ábyrgri skemmtiskipa ferðamennsku í Grímsey. Markmið rannsóknarinnar var að skoða eðli og áhrif skemmtiskipa ferðamennsku í Grímsey. Sérstök áhersla var lögð á að rýna í sjálfbærni þessarar tegundar ferðamennsku í tengslum við uppbyggingu Grímseyjar sem áfangastaðar ferðamanna. Eyjan er partur af verkefninu Brothættar byggðir, undir heitinu Glæðum Grímsey, þar sem markmiðið er að styrkja samfélagið og auka atvinnutækifæri fyrir heimamenn.

Framkvæmd þessarar rannsóknar var unnin í nánú samstarfi við verkefnisstjóra Glæðum Grímsey og Laufeyju Haraldsdóttur, lektor við ferðamáladeild Háskólans á Hólum, sem stýrir verkefni um ábyrga eyjaferðþjónustu í Grímsey. Ákveðið var því að stækka rannsóknina og rýna í bæði land- og skemmtiskipa ferðamennsku í eynni. Markmiðið með samstarfinu var að rannsaka eðli og áhrif ferðþjónustu/ferðamennsku í Grímsey og í framhaldi af því, vinna grunn að gerð stefnumótunar og aðgerðaráætlunar fyrir ferðþjónustu í eyjunni.

Verkefnislok voru í júní 2023 en þá kom út skýrsla með helstu niðurstöðum verkefnisins ([hlekkur](#)). Ása Marta Sveinsdóttir fór með umsjón verkefnis, ásamt Guðrúnu Þóru Gunnarsdóttur og Þórnýju Barðadóttur.



Rætt við skemmtiskipafarþega. Mynd Laufey Haraldsdóttir



Skemmtiferðaskip við gömlu höfnina í Reykjavík

## Spurningakönnun meðal farþega skemmtiferðaskipa við Reykjavíkurböfn

Verkefnið var unnið af RMF fyrir Faxaflóahafnir að frumkvæði Ferðamálastofu. Markmið könnunarinnar var að auka þekkingu á ferðahegðun, upplifun og útgjöldum farþega sem hafa viðkomu í Reykjavík. Könnunin var lögð fyrir farþega við Sundahöfn og Miðbakka í Reykjavík sumarið 2023. Verkefnið byggði á könnunum sem RMF hefur áður framkvæmt meðal farþega skemmtiferðaskipa á Norðurlandi.

Niðurstöður farþegakönnunar í Reykjavík voru birtar í samantekt sem aðgengileg er á vef RMF ([hlekkur](#)).

Verkefnisstjórar voru Guðrún Þóra Gunnarsdóttir og Þórný Barðadóttir sem sá um úrvinnslu og skýrsluskrif.



## T-CRISIS-NAV Leiðsögn lítilla og meðalstórra fyrirtækja í ferðapjónustu í gegnum krísu

Verkefnið hlaut styrk til þriggja ára (2020-2023) frá Erasmus+ styrktar áætlun Evrópusambandsins. Rannsóknamiðstöð ferðamála var íslenski aðili verkefnisins en samstarfsaðilar komu frá menntastofnunum og fyrirtækjum í sex Evrópulöndum. Meginmarkmið verkefnisins var að þróa námskrá og námsefni til að gera ólíkum menntastofnunum kleift að bjóða upp á fræðslu og þjálfun fyrir lítill og meðalstór fyrirtæki. Þar að auki að veita frumkvöðlum innan ferðapjónustunnar færni, tæki og töl til að takast á við krísu á áhrifaríkan hátt.

Verkefninu lauk 1. september 2023. Í tengslum við það voru tvö námskeið þróuð; annars vegar námskeið sniðið fyrir eigendur og stjórnendur lítilla og meðalstórra fyrirtækja sem starfa í ferðapjónustu ([hlekkur](#)) og hins vegar námskeið miðað að háskólastigi með það að markmiði að gera nemendum kleift að tileinka sér kerfisbundna nálgun við svæðisbundna krísustjórnun í ferðapjónustu ([hlekkur](#)).

Guðrún Þóra Gunnarsdóttir leiddi verkefnið af hálfu RMF ásamt Írisi Hrund Halldórsdóttir, sérfræðingi RMF sem sá um gagnasöfnun og skýrsluskrif.



Íris Hrund, sérfræðingur RMF, hélt kynningu á T-CRISIS-NAV verkefninu fyrir kennara í ferðamálafræðum við líf- og umhverfisvísindadeild HÍ vorið 2023

## Viðhorf Íslendinga til ferðafólks og ferðapjónustu 2023

Rannsóknin unnin fyrir Ferðamálastofu með það að markmiði að meta viðhorf Íslendinga til ferðapjónustu og ferðamanna á landsvísi og eftir einstökum landshlutum. Rannsóknarverkefnið er skilgreint í rannsóknaráætlun Ferðamálastofu 2022-2024 og er hluti af reglubundinni söfnun hins opinbera á tímanlegum, áreiðanlegum og samanburðarhæfum gögnum og greiningum á viðhorfi Íslendinga til ferðapjónustu og ferðamennsku til grundvallar ákvarðanatöku og markmiðasetningu í greininni. Verkefnið fór fram á landsvísi 2014, 2017 og 2019 og þess á milli á nokkrum þéttbýlisstöðum. Stuttar kannanir voru gerðar 2021-2022. Könnunin fór fram haustið 2023 og verða niðurstöður birtar vorið 2024. Niðurstöður verða birtar í samantektarskýrslum fyrir hvern landshluta og í heildarskýrslu með ítarlegri greiningu gagnanna ásamt samanburði við fyrri kannanir.

Umsjón með rannsókninni hefur Eyrún Jenný Bjarnadóttir sérfræðingur RMF en Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri sá um gagnaöflun.



Ferðamenn við Sólfarið í Reykjavík

## Viðhorf íbúa til skemmtiferðaskipa- og farþega

RMF sá um framkvæmd könnunar fyrir Ferðamálastofu á viðhorfum íbúa til skemmtiferðaskipa- og farþega á Akureyri, Ísafirði og í Reykjavík. Um var að ræða sérstaka viðbótarkönnun sem unnin var í tengslum við rannsóknina Viðhorf Íslendinga til ferðamanna og ferðaþjónustu 2023. Markmið könnunarinnar var að fá innsýn í viðhorf íbúa til skemmtiferðaskipa- og farþega þeirra við þrjár stærstu móttökuhafnir skemmtiferðaskipa hér á landi og hvort munur sé á viðhorfum íbúa milli hafnarsamfélaganna. Gagnaöflun fór fram haustið 2023 og lauk verkefninu með útgáfu samantektar um niðurstöðurnar ([hlekkur](#)) og kynningu á fundi Ferðamálastofu um málefni skemmtiferðaskipa sem fór fram 7. desember 2023 í Grósku ([hlekkur](#)).

Eyrún Jenný Bjarnadóttir sá um verkefnastjórn og útgáfu samantektarinnar en gagnaöflun var í höndum Rannsóknamiðstöðvar Háskólans á Akureyri.



Upplifun og viðhorf heimamanna til  
skemmtiferðaskipa á Akureyri, Ísafirði og í Reykjavík  
Könnun haustið 2023

Eyrún Jenný Bjarnadóttir  
Síðfræðingur  
ejb@rmf.is




Eyrún hélt erindi á fundi Ferðamálastofu í desember þar sem hún fór yfir helstu niðurstöður rannsóknarinnar.

## We Lead: Leiðtogahæfni kvenna í ferðaþjónustu

Verkefnið er styrkt af evrópsku styrkjaáætluninni Erasmus+ og er til tveggja ára (2022-2024). RMF leiðir verkefnið fyrir hönd Háskólans á Akureyri en Kennslumiðstöð HA kemur einnig að verkefninu. Aðrir samstarfsaðilar koma frá fimm fyrirtækjum og menntastofnunum á Íslandi, Danmörku, Írlandi og Spáni. Markmið verkefnisins er útbúa námsefni til að efla leiðtogahæfni kvenna í ferðaþjónustu. Verkefnið miðar jafnframt að því að skapa starfsumhverfi innan ferðaþjónustunnar sem stuðlar að jafnræði, jöfnuði og bregst við þörfum samfélagsins, ekki síst þegar kemur að helstu áskorun samtímans sem loftslagsbreytingar af mannavöldum eru.

Fyrstu tvær afurðir verkefnisins komu út árið 2023 en það voru samantektarskýrslan 'Konur sem leiðtogar í sjálfbærri ferðaþjónustu' ([hlekkur](#)) og hefti með dæmisögum frá níu sterkum kvenfyrirmyndum innan ferðaþjónustunnar ([hlekkur](#)). Auk þess voru tveir verkefnafundir haldnir á árinu, sá fyrsti í apríl á Akureyri og sá síðari í Leitrim á Írlandi í nóvember. Verkefnisstjórn er í höndum Veru Vilhjálmsdóttur en auk hennar taka þátt í verkefninu Guðrún Þóra Gunnarsdóttir fyrir hönd RMF og þær Auðbjörg Björnsdóttir og Bryndís Böðvarsdóttir fyrir hönd Kennslumiðstöðvar HA.



Samstarfsaðilar We Lead hittust á verkefnafundi í Leitrim á Írlandi haustið 2023 þar sem gömul kolanáma var meðal annars heimsótt



# RMF á ferð og flugi



Eyrun og Vera í leit að ferðamönnum við Raufarhólshelli



Starfsfólk og stjórn RMF fengu leiðsögn um Hrísey frá nemendum grunnskólans í eynni



Guðrún Þóra hélt erindi um skemmtiferðaskip á Arctic Circle haustið 2023



Ása, Guðrún, Íris og Eyrun kátar á Rannsóknardegi RMF



RMF-liðar á tveggja daga námskeiði í megindegri aðferðarfræði með Ásdísí A. Arnalds, forstöðumanni Félagsvísindastofnunnar HÍ



Vera hélt erindi um leiðtogaþæfni kvenna í ferðapjónustu á Þjóðarspegli HÍ haustið 2023

# Viðburðir

## Verkefnafundur á Akureyri um leiðtogahæfni kvenna í ferðaþjónustu

Í lok apríl 2023 skipulagði RMF tveggja daga verkefnafund þar sem samstarfsaðilar Erasmus+ verkefnisins We Lead komu saman á Akureyri og funduðu um stöðu og næstu skref verkefnisins ásamt því að fræðast um íslenska ferðaþjónustu.

Inn á fundinn kom Arnheiður Jóhannsdóttir hjá Markaðsstofu Norðurlands sem gaf góða kynningu á starfsemi stofnunarinnar og sinnar eigin reynslu af því að vera kvenleiðtogi innan ferðaþjónustunnar á Íslandi. Auk þess sem Embla Eir Oddsdóttir frá Norðurlóðaneti Íslands kom og sagði frá spennandi verkefni sem hún stýrði um jafnrétti á norðurslóðum. Þar að auki var farið í Skógarböðin, Jólalúsið, göngu um miðbæ Akureyrar með Walk & Visit og í heimsókn á Hælið, þar sem María Pálsdóttir stofnandi Hælisins tók á móti hópnum, sagði frá tilurð þess og veitti leiðsögn um sýningarrýmin.



Samstarfsaðilar We Lead ásamt Emblu Eir Oddsdóttur frá Norðurlóðaneti Íslands



Að fundarhöldum loknum var farið í góða heimsókn á Hælið þar sem María Pálsdóttir tók á móti hópnum

## Samfélagsfundur um skemmtiskipa ferðamennsku á Ísafirði

Rafrænn samfélagsfundur um skemmtiskipa ferðamennsku á Ísafirði var haldinn þann 4. október 2023. Á fundinum voru helstu niðurstöður verkefnisins Sjálfbær móttökusvæði skemmtiskipa á norðurslóðum: frá starfsháttum til stýringar kynntar. Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, Hin Hoarau Heemstra, dósent hjá Nord háskólanum og verkefnastjóri verkefnisins, og Ása Marta Sveinsdóttir, kynntu niðurstöður verkefnisins. Ulrika Persson-Fischier, aðjúkt hjá Uppsala háskóla leiddi umræður við lok fundar.



**4. OKTÓBER KL 14:00-15:30**

Rannsóknamiðstöð ferðamála (RMF) boðar á fund á Zoom um skemmtiferðaskip á Ísafirði miðvikudaginn 4. október kl 14:00. Fundurinn verður haldinn á ensku.

RMF hefur verið partur af rannsókninni Sustainable Arctic Cruise Communities: from practice to governance frá ársbyrjun 2021. Markmið rannsóknarinnar var að kanna stjórnun og stýringu skemmtiferðaskipa og farþega þeirra á 5 rannsóknarsvæðum á norðurslóðum, þ.e. í Nuuk, Alta, Honningsvåg, Lofoten og á Ísafirði.

Á þessum fundi verða helstu niðurstöður rannsóknarinnar kynntar og þátttakendur hvattir til þess að taka þátt í umræðum um framtíð Ísafjarðar sem áfangastað skemmtiferðaskipa.





## Rannsóknadagur RMF

Rannsóknadagur RMF var haldinn í 10. sinn miðvikudaginn 17. maí 2023 í Hvammsvík en dagurinn er tileiknaður doktorsrannsóknum í ferðamálum á Íslandi. Markmiðið með deginum er að nemendur fái tækifæri til að ræða rannsóknir sínar á jafningjagrundvelli við aðra nemendur og fagmenn á sviðinu. Að þessu sinni hittust 7 doktorsnemar ásamt leiðbeinendum og öðrum sérfræðingum og kynntu rannsóknir sínar og stöðu þeirra. Í lok dags var slappað af í sjóböðunum og útsýnis notið. Guðrún Þóra, forstöðumaður RMF setti og lokaði deginum og Ása Marta, sérfræðingur RMF, stjórnaði framvindu viðburðarins.

Kynnt voru fjölbreytileg rannsóknaverkefni, líkt og sjá má á listanum hér að neðan:

- Tinna Gunnarsdóttir - Touching landscape: The agency of aesthetic experience
- Elva Björg Einarsdóttir - Að lokum
- Magnús Haukur Ásgeirsson - Þjónustustjórnun og árangur
- Magdalena Falter - Potential value of digital innovation in the Icelandic tourism industry for fostering tourism sustainability
- Sigrún Birgisdóttir - Transformation of territory: How tourism effects change in architecture and landscapes - as studied across an east-west transect of 64° latitude in Iceland
- Íris Hrund Halldórsdóttir - Entrepreneurship in rural regions: Crisis and resilience in tourism
- Birna Lárusdóttir - Örnefni og landslag í mótun




Efri röð: Íris Hrund Halldórsdóttir, Eyrún Jenný Bjarnadóttir, Ása Marta Sveinsdóttir, Katrín Anna Lund, Magnús Haukur Ásgeirsson, Magdalena Falter og Birna Lárusdóttir.

Neðri röð: Sigrún Birgisdóttir, Tinna Gunnarsdóttir og Elva Björg Einarsdóttir.



Tinna Gunnarsdóttir kynnir doktorsverkefnið sitt



Rannsóknardagur RMF var haldinn í Hvammsvík í Hvalfirði

# Lokaverkefnisverðlaun SAF og RMF

Samtök ferðapjónustunnar (SAF) og Rannsóknamiðstöð ferðamála (RMF) veittu verðlaun fyrir framúrskarandi lokaritgerð um ferðamál á Íslandi. Guðný Ljósbrá Hreinsdóttir hlaut verðlaun fyrir MS-ritgerð sína í markaðs- og alþjóðaviðskiptum, viðskiptafræðideild Háskóla Íslands.

Ritgerð Guðnýjar Ljósbrár nefnist „Þetta var hápunktur ferðarinnar okkar! Hvað geta umsagnir TripAdvisor kennt okkur um upplifun ferðapjónustunnar? (e. “This was the highlight of our trip!” What can TripAdvisor reviews teach us about the tourism experience?). Leiðbeinandi var Auður Hermannsdóttir aðjúnt við Háskóla Íslands.

Í ritgerðinni voru skoðaðir hvaða þættir mynda farsæla upplifun í matarferðamennsku. Sú matarferð, sem hefur fengið flesta fimm stjörnu dóma á heimsvísu meðal notenda umsagna- og ferðavefsins TripAdvisor er að finna á Íslandi og nefnist The Reykjavik Food Walk. Höfundur kannaði viðbrögð ferðamanna sem hafa tekið þátt í slíkri göngu og hafa skrifað um upplifun sína á TripAdvisor. Niðurstöður innihaldsgreiningar á umsögnum á TripAdvisor sýndu að leiðsögumaðurinn var einn verðmætasti eiginleikinn í farsælli matargönguupplifun. Nýttast niðurstöðurnar m.a. til að móta og gefa skilning á upplifun ferðapjónustunnar og bendir jafnframt á að nýta megi umsagnir neytenda til að bæta markaðs- og þjónustustarf innan matarferðapjónustu.

Um meistararitgerð Guðnýjar sagði Ásta Dís Óladóttir, stjórnarformaður RMF að vinna hennar við verkefnið einkenndist af miklum metnaði og fagmennsku. „Viðfangsefnið er afar áhugavert en umfram allt sýndi Guðný Ljósbrá mikið hugrekki og sköpunarmátt þegar hún fór ótroðnar slóðir í aðferðafræðilegri nálgun sinni á efnið. Í rannsókninni beitir hún samfélagsmiðlagreiningu sem eftir minni bestu vitund hefur ekki verið nýtt í rannsóknum á Íslandi áður, enda nokkuð ný aðferðafræðileg nálgun á heimsvísu“, sagði Ásta Dís við afhendingu verðlaunanna.

Guðný Ljósbrá sýndi afburðafærni við hönnun og útfærslu rannsóknarvinnunnar. Ásamt því að veita forsvarsfólki ferðapjónustufyrirtækisins Wake up Reykjavík verðmætar upplýsingar sem geta nýst í markaðsstarfi, gefur rannsóknin innsýn í hvernig nýta má mikilvæg fyrirliggjandi gögn frá umsagnarsíðum í markaðs- og þjónustustarfi innan ferðapjónustufyrirtækja.

Vilborg Helga Júlíusdóttir fv. hagfræðingur SAF, Oddný Þóra Óladóttir hjá Rannsókn- og tölfræðisviði Ferðamálastofu og Eyrún Jenný Bjarnadóttir sérfræðingur RMF sátu í dómnefnd lokaverkefnisverðlauna SAF og RMF 2023.



Ásta Dís Óladóttir, stjórnarformaður RMF og Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri SAF veittu Guðnýju Ljósbrá Hreinsdóttur verðlaunin



## Tilnefningar til lokaverkefnisverðlauna SAF og RMF 2023

Opnaðir þú þakka þinn? Opinber inngrip stjórnvalda í formi ferðagjafa  
Steinunn Gústavsdóttir, BS-gráða í viðskiptafræði, Háskóli Íslands  
Leiðbeinandi: Þórhallur Örn Guðlaugsson

Kolefnisjafnaður golfvöllur á Geitanesi  
Margrét Björnsdóttir, BS-gráða í landslagsarkitektúr, Landbúnaðarháskóli Íslands  
Leiðbeinandi: Edwin Roald

Stefnumótun í breyttu rekstrarumhverfi: Áskoranir fyrirtækja í ferðapjónustu á Reykjanesi í kjölfar heimsfaraldurs  
kórónuveirunnar  
Karen Ingibjörg Sigurðardóttir, BS-gráða í viðskiptafræði, Háskóli Íslands  
Leiðbeinandi: Ásta Dís Óladóttir

Umgjörð sundlauga - Tækifæri til aukinna gæða  
Ellisif Malmo Bjarnadóttir, BS-gráða í landslagsarkitektúr, Landbúnaðarháskóli Íslands  
Leiðbeinandi: Helena Guttormsdóttir

Ferðahegðun Íslendinga á tímum Covid-19  
Erna Bergþóra Einarasdóttir og Lilja Rut Víðisdóttir, BS-gráða í viðskiptafræði með áherslu á ferðapjónustu, Háskólinn á Bifröst  
Leiðbeinandi: Brynjar Þór Þorsteinsson

Vitinn á Garðskaga. Hönnun umhverfis, aðgengis og aðkomu  
Sigurlaug Herdís Friðriksdóttir, BS-gráða í landslagsarkitektúr, Landbúnaðarháskóli Íslands  
Leiðbeinandi: Gísli Rafn Guðmundsson

Sjálfbærni íslenskrar ferðapjónustu: Hvernig sýna íslensk ferðapjónustufyrirtæki þá stefnu í verki gagnvart ferðamönnum?  
Gylfi Kristjánsson, BA-gráða í ferðamálafræði, Háskólinn á Hólum  
Leiðbeinandi: Kjartan Bollason

Hjólreiðar í ríki Vatnajökuls. Vistvænar samgöngur á Höfn í Hornafirði  
Styrmir Níelsson, BS-gráða í landslagsarkitektúr, Landbúnaðarháskóli Íslands  
Leiðbeinendur: Ólafur Melsted og Hermann Georg Gunnlaugsson

This was the highlight of our trip!" What can TripAdvisor reviews teach us about the tourism experience?  
Guðný Ljósbrá Hreinsdóttir, MS-gráða í markaðs- og alþjóðaviðskiptum, viðskiptafræðideild Háskóla Íslands  
Leiðbeinandi: Auður Hermannsdóttir

# Rannsóknasamstarf

## Frumkvöðlastarf og fjölskyldufyrirtæki í ferðaþjónustu (Touref)

Markmið þessa rannsóknarhóps er að efla þekkingu og skilning á frumkvöðlastarfi innan lítilla (fjölskyldu) fyrirtækja í ferðaþjónustu, þýðingu þess og eðli. Desiderio J. García Almeida, frá háskólanum í Las Palmas á Kanaríeyum stýrir hópnum. Íris Hrund Halldórsdóttir hjá Rannsóknamiðstöð ferðamála er starfsmaður hópsins. Að frumkvæði hópsins er í pípunum útgáfa bókar. Ritstjórar bókarinnar eru allt meðlimir í rannsóknarhópnum. Útgefandinn er Palgrave MacMillan (hluti af Springer Group).

## Norðurslóðanet Íslands

RMF er einn stofnaðila Norðurslóðanets Íslands - þjónustumiðstöðvar norðurslóðamála. Netið er samstarfsvettvangur stofnana, fyrirtækja og félaga-samtaka á Íslandi sem vinna að málefnum norðurslóða.

## Norrænt rannsóknarnet um skemmtiskipanannsóknir (NCRN)

Samstarfsnet fræðimanna sem fást við rannsóknir á ferðaþjónustu tengdri umferð og heimsóknum skemmtiferðaskipa á norðurhveli. Rannsóknarverkefni um sjálfbær móttökusvæði skemmtiferðaskipa er unnið undir hatti rannsóknarnetsins auk þess sem rannsakendur innan þess hafa skipulagt málstofur á alþjóðlegum ráðstefnum.

## Norrænt samstarfsnet um eflingu menntunar á sviði ferðamála (TourNord)

RMF er aðili að norrænu samstarfsneti um eflingu menntunar á sviði ferðamála á Norðurlöndunum: TourNord.

Markmið samstarfsnetsins er að stuðla að sjálfbærri þróun ferðaþjónustu á Norðurlöndunum og efla ferðamálanám þannig að nemendur verði reiðubúnir að takast á við áskoranir framtíðarinnar á sviði ferðaþjónustu. Samstarfsnetið er hugsað sem vettvangur fyrir norrænar mennta- og rannsóknastofnanir til þess að miðla vel heppnuðum aðferðum og leiðum til þekkingarþróunar á sviði ferðamála. Á vegum samstarfsnetsins eru haldnir reglulegir vinnufundir í því skyni að stuðla að virkara samstarfi þátttakanda í verkefninu og efla samstarf á sviði náms, nýsköpunar og rannsókna.

TourNord hélt tvo vinnufundi árið 2023. Annan í Bergen í mars og hinn í Nuuk í ágúst. Guðrún Þóra sótti fundinn í Bergen og hún og Ingibjörg Sigurðardóttir ætluðu að taka þátt í fundinum í Nuuk en flug þangað var fellt niður á síðustu stundu. Á árinu 2024 eru fyrirhugaðir tveir fundir, annars vegar í Danmörku í apríl og hins vegar í Svíþjóð í ágúst.

## Rannsóknarhópur um félagsleg áhrif ferðamennsku

Rannsóknarhópurinn á rætur að rekja til ársins 2014 þegar fyrstu kannanir á viðhorfum Íslendinga til ferðamanna og ferðaþjónustu voru gerðar í samstarfi Rannsóknamiðstöðvar ferðamála, Háskólans á Hólum og Ferðamálastofu. Markmið hópsins eru að efla þekkingu og skilning á félagslegum áhrifum ferðamennsku á breiðum grunni.

## Rannsóknir á eyjasamfélögum á norðurslóðum

RMF er aðili í nýju samstarfsneti um rannsóknir á norðurslóðum. Meginmarkmið samstarfsins er að finna leiðir til að þróa öflug og sjálfbær eyjasamfélög. Að samstarfsnetinu koma 20 aðilar víðs vegar frá Norður-Atlantshafssvæðinu.

## Samtök um ferðamálarannsóknir á norðurslóðum (IPTRN)

Alþjóðleg samtök sérfræðinga á sviði ferðamála-rannsókna á heimskautasvæðum. Samtökin leggja áherslu á þekkingarsköpun og -miðlun þar sem mismunandi sjónarmið fá hljómgrunn.

## Vinnuafli í ferðaþjónustu

Rannsóknahópur um öflun þekkingar á vinnuafli í ferðaþjónustu.

Dr. Andreas Walmsley, Háskólanum í Coventry, leiðir vinnu rannsóknahópsins en Íris Hrund Halldórsdóttir er starfsmaður hópsins. Að frumkvæði hópsins kom út árið 2020 bókin *Tourism employment in Nordic Countries – Trends, Practices and Opportunities*. Ritstjórar bókarinnar eru allt meðlimir í rannsóknarhópnum. Bókin var gefin út af útgefandanum Palgrave MacMillan (hluti af Springer Group).



# Hitt og þetta frá 2023



## Tímarit um ferðamál á norðurlóðum

Tímaritið Ferðamál á norðurlóðum / Journal of Arctic Tourism var formlega sett á stofn í árslok 2022. Á árinu 2023 setti ritstjórn sér ritstjórnaráherslur og voru þær á vordögum birtar í ritstjórnargrein á vef tímaritsins [www.arctictourism.is](http://www.arctictourism.is). Á árinu var einnig unnið í því að fastsetja verkferla við innsendingar greina og ritrýni auk eftirfylgni hennar. Einnig hefur verið lögð áhersla á sýnileika tímaritsins með gerð auglýsingastanda, einblöðunga og annars auglýsingaefnis.

Tímaritinu hafa þegar borist nokkrar greinar. Sumum var hafnað þar sem þær uppfylltu ekki ritstjórnarlega skilmála tímaritsins en fyrstu greinar sem samþykktar voru til ritrýni hófu slíkt ferli síðla árs. Í ritstjórn eru Edward Huijbens, Wageningen háskóla; Eyjólfur Guðmundsson, Háskólanum á Akureyri; Jessica Aquino, Háskólanum á Hólum; Marías Gestsson, Háskóla Íslands og Rannveig Ólafsdóttir, Háskóla Íslands. Starfsmaður tímaritsins er Þórný Barðadóttir.

Útgefandi að tímaritinu er RMF en Háskóli Íslands, Háskólinn á Hólum, Háskólinn á Akureyri og Ferðamálastofa styrkja tímaritið fjárhagslega.


## Heimsókn um borð í skemmtiferðaskip

Föstudaginn 2. júní 2023 buðu AECO (Association of Arctic Expedition Cruise Operators) og Hurtigruten, RMF og Ferðamálastofu í skoðunarferð um skemmtiferðaskipið Fridtjof Nansen á meðan það lá við bryggju á Akureyri.

Frigg Jørgensen, Executive Director hjá AECO og Karin Strand, VP of Expeditions hjá Hurtigruten tóku á móti hópnum. Áður en skoðunarferðin um skipið hófst sögðu þær frá verkefnum sínum á Íslandi og starfsemi Hurtigruten ásamt því að tekið var almennt samtal um leiðangursskip á svæðinu.



Um borð í Fridtjof Nansen við Tangabryggju á Akureyri



## Bók um félagslega sjálfbærni í aðfangakeðjum á norðurlóðum

Bókin Supply Chain Operations in the Arctic: Implications for Social Sustainability kom út í nóvember 2023 en hún fjallar um rannsóknir á félagslegri sjálfbærni í aðfangakeðjum mismunandi atvinnugreina á norðurlóðum. Ritstjórar bókarinnar eru dr. Antonina Tsvetkova frá Háskólanum í Molde og dr. Konstantin Timoshenko frá Háskólanum í Suðaustur Noregi. Í bókinni eru 13 kaflar eftir 26 fræðimenn.

Einn kafli bókarinnar fjallar um félagslega sjálfbærni og aðfangakeðju ferðaþjónustunnar út frá sjónarhóli íbúa. Höfundar kaflans eru Guðrún Helgadóttir, Doris Effah-Kesse, Eyrún Jenný Bjarnadóttir, Georgette Leah Burns og Guðrún Þóra Gunnarsdóttir. Kaflinn er afrakstur samstarfs rannsóknarhóps um félagsleg áhrif ferðaþjónustu og byggir hann á niðurstöðum rannsókna sem RMF hefur unnið fyrir Ferðamálastofu um viðhorf íbúa til ferðafólks og ferðaþjónustu á Íslandi.

Hægt er að nálgast bókina á heimasíðu útgefanda: Routledge

# Útgefið efni eftir starfsfólk RMF



Streiti í Berufirði

Ása Marta Sveinsdóttir. (2023). *Skemmtiskipa ferðamennska á Ísafirði. Ávinningur og áskoranir*. Rannsóknamiðstöð ferðamála.

Ása Marta Sveinsdóttir og Laufey Haraldsdóttir. (2023). *Áfangastaðurinn Grímsey: núverandi staða og framtíðarsýn*. Rannsóknamiðstöð ferðamála.

Ása Marta Sveinsdóttir og Ulrika Persson-Fischier. (2023). *Case Report: Sustainable Arctic Cruise Communities: from practice to governance – Case Ísafjörður*. Rannsóknamiðstöð ferðamála.

Leick, B., Gunnarsdóttir, G.Þ., Vilhjálmssdóttir, V., Gretzinger, S., Borowiecki, K.J., Mitchell, S.B., Vinogradov, E., Fabritius, M.K., og Zhang, J. (2023). *The Impact of Airbnb Hosts on Arctic Local Economies: Consumption Patterns, Entrepreneurship and Sustainability*. Nordic Council of Ministers / Nordregio-NAPA Arctic Co-operation Programme.

Eyrún Jenný Bjarnadóttir. (2023). *Viðhorf íbúa til skemmtiferðaskipa- og farþega: Niðurstöður könnunar í Reykjavík, á Akureyri og Ísafirði*. Ferðamálastofa.

Helgadóttir, G., Effah-Kesse, D., Bjarnadóttir, E.J., Burns, G.L. & Gunnarsdóttir, G.Þ. (2023). *Social sustainability and supply chain management in tourism. The case of Iceland*. In Antonina Tsvetkova & Konstantin Timoshenko (eds) *Supply Chain Operations in the Arctic: A Multiple-Perspective Approach Towards Sustainable Development* (94-115). Routledge.

Flores, E.S., Prola, T.A., Halldórsdóttir, Í. H. & Taylor, S. (2023). *Diagnosing Training Needs in European Tourism SMEs: The TC-NAV Project for Managing and Overcoming Virulent Crises*. *Kurdish Studies*, 11(2), 2011–2022.

Íris H. Halldórsdóttir, Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, Rögnvaldur Ólafsson og Sigríður Kristín Jónasdóttir. (2023). *Rannsókn á ferðamálum á virkjanasvæði við Þeistareyki. Niðurstöður spurningakönnunar, viðtalsrannsóknar og umferðartalningar sumarið 2023*. Rannsóknamiðstöð ferðamála.

Vera Vilhjálmssdóttir, Hjalti Jóhannesson og Eyrún Jenný Bjarnadóttir. (2023, óbirt). *Bolaölduvirkjun. Greining og mat á áhrifum virkjanaframkvæmda á ferðaþjónustu og útivist*. Rannsóknamiðstöð ferðamála.

Þórný Barðadóttir. (2023). *Könnun meðal farþega skemmtiferðaskipa. Reykjavík sumar 2023*. Rannsóknamiðstöð ferðamála.



# Fyrirlestrar og erindi



Horft yfir Breiðafjörðinn í átt að Stykkishólmi

Auður H. Ingólfssdóttir og Vera Vilhjálmssdóttir. 20. september 2023. *Women Leadership in Sustainable Tourism: Inclusive Leadership for a Sustainable Future*. Fyrirlestur á 31. Nordic Symposium on Tourism and Hospitality Research. Mid Sweden University, Svíþjóð.

Auður H. Ingólfssdóttir og Vera Vilhjálmssdóttir. 3. nóvember 2023. *Að efla leiðtogaþæfni kvenna í ferðaþjónustu í átt að sjálfbærri framtíð*. Fyrirlestur á Þjóðarspegli 2023 – Rannsóknir í félagsvísindum. Háskóli Íslands.

Ása Marta Sveinsdóttir. 4. október 2023. *Ísafjörður: Main findings*. Skemmtiferðaskip á Ísafirði, samfélagsfundur. Ísafjörður.

Birgit Leick, Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, Merete Kvamme Fabritius, Susanne Gretzinger og Vera Vilhjálmssdóttir. 19. september 2023. *The role of Airbnb hosts in rural regions: A curse for the local tourism network or a blessing for tourism development through platform entrepreneurship?* Fyrirlestur á 31. Nordic Symposium on Tourism and Hospitality Research. Mid Sweden University, Svíþjóð.

Eyrún Jenný Bjarnadóttir. 6. desember 2023. *Upplifun og viðhorf heimamanna til skemmtiferðaskipa á Akureyri, Ísafirði og í Reykjavík*.

*Könnun haustið 2023*. Ferðaþjónusta og skemmtiferðaskipin, kynningarfundur Ferðamálastofu. Gróska og í streymi.

Guðrún Þóra Gunnarsdóttir. 29. ágúst, 2023. *Vangaveltur um rannsóknir í ferðaþjónustu*. Stefnumót við klasafélaga – Stillum saman

strengi, kynningarfundur Íslenska ferðaklasans. Gróska og í streymi.

Guðrún Þóra Gunnarsdóttir og Ása Marta Sveinsdóttir. 20. október, 2023. *Cruise Tourism Practices in Icelandic Coastal Communities: Challenges and Benefits*. The impact of cruise-ship tourism on arctic Coastal communities. Arctic Circle, Harpa.

Íris Hrund Halldórsdóttir. 26. maí 2023. *Lítill og meðalstór ferðaþjónustufyrirtæki í krísu – niðurstöður verkefnis*. Kynning fyrir Ferðamáladeild HÍ. Tæknigarður.

Íris Hrund Halldórsdóttir. 29. ágúst 2023. *Lítill og meðalstór ferðaþjónustufyrirtæki í krísu – niðurstöður verkefnis*. Stefnumót við klasafélaga – Stillum saman strengi, kynningarfundur Íslenska ferðaklasans. Gróska og í streymi.

Þórný Barðadóttir og Ása Marta Sveinsdóttir. 21. september. *Cruise Tourism in Iceland*. Erindi flutt fyrir MA nema í áfanganum Útivist (Outdoor Studies) við Háskólann á Hólum.

Þórný Barðadóttir. 6. desember. *Könnun meðal farþega skemmtiferðaskipa. Reykjavík sumar 2023*. Ferðaþjónusta og skemmtiferðaskipin, kynningarfundur Ferðamálastofu. Gróska og í streymi.

# Rekstrarreikningur ársins 2023



Sigt inn í Hríseyjarhöfn

|                                                 | Fjárhagsáætlun<br>2023 | Fjárhagsáætlun<br>2022 | Raun/<br>áætlun | Rauntölur<br>2023    | Rauntölur<br>2022  |
|-------------------------------------------------|------------------------|------------------------|-----------------|----------------------|--------------------|
| <b>Rekstrartekjur:</b>                          |                        |                        |                 |                      |                    |
| 00 Sértekjur .....                              | 74.100.001             | 68.850.000             | 105%            | 71.951.762           | 64.902.447         |
|                                                 | <u>74.100.001</u>      | <u>68.850.000</u>      | <u>105%</u>     | <u>71.951.762</u>    | <u>64.902.447</u>  |
| <b>Rekstrargjöld:</b>                           |                        |                        |                 |                      |                    |
| 01 Laun og launatengd gjöld .....               | 62.332.567             | 57.212.918             | 110%            | 62.780.469           | 55.706.380         |
| 02 Ferðir og fundir .....                       | 3.968.504              | 2.943.404              | 78%             | 2.296.105            | 3.908.398          |
| 03 Rekstrarvörur .....                          | 1.027.996              | 1.109.000              | 67%             | 746.206              | 791.930            |
| 04 Aðkeypt þjónusta .....                       | 5.529.998              | 4.512.996              | 202%            | 9.102.402            | 1.907.809          |
| 05 Húsnæði .....                                | 3.150.000              | 3.000.000              | 105%            | 3.150.000            | 3.000.000          |
|                                                 | <u>76.009.065</u>      | <u>68.778.318</u>      | <u>114%</u>     | <u>78.075.182</u>    | <u>65.314.517</u>  |
| 071 Afskriftir .....                            | 0                      | 0                      | 0%              | 0                    | 0                  |
|                                                 | <u>76.009.065</u>      | <u>68.778.318</u>      | <u>114%</u>     | <u>78.075.182</u>    | <u>65.314.517</u>  |
| <b>Rekstrarhagnaður (tap) án fjármagnsliða</b>  | ( 1.909.064 )          | 71.682                 | 0%              | ( 6.123.420 )        | ( 412.070 )        |
| <b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):</b>      |                        |                        |                 |                      |                    |
| 072 Vextir, gengismunur, bætur og skattar ..... | 0                      | 0                      | 0%              | 342.771              | 0                  |
|                                                 | <u>0</u>               | <u>0</u>               | <u>0%</u>       | <u>342.771</u>       | <u>0</u>           |
| <b>Hagnaður (tap) ársins .....</b>              | <u>( 1.909.064 )</u>   | <u>71.682</u>          | <u>0%</u>       | <u>( 6.466.191 )</u> | <u>( 412.070 )</u> |





RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ  
FERÐAMÁLA

---

ICELANDIC TOURISM  
RESEARCH CENTRE

2024